

Alur Álvinnsla ehf. (áður Kratus ehf.)
Klafastaðavegi 4
301 Akranes

Reykjavík, 13. desember 2019
UST201802-088/F.T.
08.07.02

Staða frávíka hjá Al Álvinnslu ehf. (áður Kratus ehf.)

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 27. september 2018 þar sem fallist var á úrbótaáætlun rekstraraðila vegna útistandandi frávíka. Verða útistandandi frávík úr bréfinu nú rakin og áætlaðar/staðfestar úrbætur við þeim.

- Frávík frá gr. 2.15 í starfsleyfi:** Útflutningur á síuryki til endurvinnsluaðila var ekki hafinn og var þessum úrgangi safnað upp á lóð verksmiðjunnar. Almennum framleiðsluúrgangi, þ.m.t. síuryki, skal skilað á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang eða koma í lögmætan endurvinnsluferil. Varanleg geymsla hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil. **Rekstraraðili hefur nú lokið við úrbætur vegna frávíksins og telst því lokið.**
- Frávík frá gr. 1.1.** Rekstraraðili hefur hafið vinnslu með saltlausum feril í verksmiðjunni. Slíkur ferill er ekki skilgreindur í núgildandi starfsleyfi. **Eins og fram kom í bréfi dags. 27. september sl. hefur rekstraraðili sótt um nýtt starfsleyfi til að vinna ál úr álgjalli með saltferli og saltlausum ferli. Í nýju starfsleyfi verður skerpt á ábyrgð er varðar ráðstöfun gjallsands.**
- Frávík frá gr. 1.1 í starfsleyfi.** Starfsleyfi er gefið út á lóðina Klafastaðaveg 4. Hráefni og úrgangur rúmast ekki innan þeirrar lóðar og var því geymdur að hluta til á nærliggjandi lóðum. **Rekstraraðili hefur lokið við frágang og telst frávíkinu því lokið.**
- Frávík frá gr. 2.3 og 2.10 í starfsleyfi.** Lóðin er óafgirt og ekki með bundnu slitlagi en samkvæmt starfsleyfi skal tryggt að enginn efnaleki verði í jarðveg. Þá eru ekki olíuskiljur á þeim stöðum þar sem það á við. Fyrri áform rekstraraðila um viðbyggingu á vinnslusal og frágang lóðar í kjölfarið gerðu ráð fyrir að framkvæmdir hefðust í byrjun árs 2014 en þeim hefur seinkað og eru nú á byrjunarstigi. **Úrbætur vegna frávíksins eru í vinnslu en búið er að girða svæðið af að hluta. Áætluð verklok eru í desember 2019.**
- Frávík frá grein 2.5 í starfsleyfi um hámarkslosun í útblæstri** Magn HF og Cl₂ í útblæstri er yfir mörkum í mælingu sem gerð var 18. maí 2016. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í fyrra reglubundna eftirliti 2017 hafði verið skipt um síupoka í hreinsivirki og það yfirfarið. Nýjar mælingar voru fyrirhugaðar í júlí sl. en ljúka þurfti lagfæringum á aðgengi áður en unnt væri að fara í þær. Umhverfisstofnun hefur ekki borist niðurstöður þeirra mælinga. *Í samanburðarmælingum sem Umhverfisstofnun lét framkvæma 22. og 23. desember 2016 mældist HF (vetnisflúoríð) undir starfsleyfismörkum. Rétt er að taka fram að ekki var gerð greining á Cl₂ í þeirri mælingu því er mikilvægt að rekstraraðili framkvæmi slíka mælingu sem allra fyrst. Mikilvægt er að verkferlar varðandi val á hráefnum séu endurskoðaðir til að tryggja hreinleika þeirra.* **Frávíkinu telst lokið þar sem mæling á**

Cl₂ hefur farið fram og er undir starfsleyfismörkum. Annað frávik hefur verið skráð vegna styrks HF í útblæstri og stendur það frávik opið.

- Frá gr. 2.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal hreinsa ryk og fínefni sem myndast við framleiðsluna, t.d. með því að starfrækja reykhreinsivirki með pokasíum og annan búnað til að fanga efnið. Mikil rykmengun var á verksmiðjulóðinni vegna mólunar gjallsands en árekstur á hurð olli því að hurðar á verksmiðjunni stóðu opnar þegar mölunin fór fram. **Rekstraraðili hefur lokið uppsetningu á nýrri hurð og tengt afsogspunkta og telst frávikinu því lokið.**
- Frávik frá grein 2.5 - Hámarkslosun í útblæstri.** Í mælingu sem fór fram þann 23. október sl. er styrkur vetnisflúoríðs 17,9 mg/Nm³ í útblæstri en losunarmörk eru 2,5 mg/Nm³. Samkvæmt bréfi sem rekstraraðili sendi þann 13. desember sl. var verið að bræða álflök. Rekstraraðili hugðist bæta við kalkstein í vinnsluferlið til að draga úr myndun vetnisflúoríðs. **Það að bæta kalksteini í vinnsluferlið skilaði ekki tilætludum árangri. Frávikíð er enn opið en rekstraraðili vinnur að úrbótum og hefur pantað nýtt íblöndunarefni í ferlið sem er ætlað er að minnka styrk vetnisflúoríðs (HF) í útblæstri. Þöntuð hefur verið önnur mæling hjá NMÍ til að staðfesta að úrbæturnar séu fullnægjandi og mun hún fara fram í byrjun árs 2020.**
- Frávik frá gr. 2.14 – Gjallsand skal allan flytja af svæðinu til viðurkennds endurvinnsluáðila og geyma í vel lokuðu geymslurými. Að sögn rekstraraðila er nú um 1200-1500 tonn til geymslu að Vogatungu og um 2000 tonn á verksmiðjusvæðinu. Gámar sem innihalda saltköku á lóð verksmiðjunnar hafa orðið fyrir veðrun. Frávikíð er enn opið. 4000 tonn fóru út nú í mars og ráðgert er að 2000 tonn fari út í nóvember auk 2000 tonna í mars 2020.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **39.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skjálí Þórðarson
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands